

## REGLUGERÐ

### um giróþjónustu pósts og síma.

#### 1. gr.

Póstþjónustan tekur á móti innborgunum á giróreikninga, annast yfirfærslur á upphæðum frá einum giróreikningi til annars og sér um útborganir af giróreikningum.

#### 2. gr.

Giróreikning geta opnað einstaklingar, stjórnvöld, fyrirtæki, félagasamtök o. fl. Giróreikningarnir eru færðir á póstgiróstofunni í Reykjavík.

Upphæð sú, sem má standa inni á giróreikningi er ekki takmörkuð, en vaxta-greiðsla af innstæðu er háð ákvörðun Seðlabanka Íslands.

Reikningshafi getur hvenær sem er sagt upp giróreikningi sínum.

Póstgiróstofan getur lokað reikningi ef um misnotkun er að ræða, eða ef nauðsyn krefur af öðrum ástæðum.

#### 3. gr.

Póstgiróstofan sendir að jafnaði reikningsyfirlit til reikningshafa jafnóðum og færslur eiga sér stað á reikningi hans.

#### 4. gr.

Reikningshafi og aðrir, sem hafa umboð til þess að gefa út færslu- og útborgunarseðla (giróseðla) á viðkomandi reikning, verða að láta póstgiróstofunni í té sýnishorn af undirskrift sinni á sérstöku umsóknareyðublaði.

Hver sá, sem hefur rétt til slíkrar útgáfu samkvæmt umsóknareyðublaði getur ráðstafað upphæðum á reikningnum.

Ef umráðaréttur yfir reikningi breytist, ber reikningshafa að tilkynna póstgiróstofunni það skriflega þegar í stað.

#### 5. gr.

Leggja má inn á reikning á eftirfarandi hátt:

- a. Með innborgunarseðlum (giróseðlum), sem stílaðir eru á reikninginn.
- b. Með póstávisunum og útborgunarseðlum (giróseðlum) á reikningshafa, sem hann sendir til innfærslu beint til póstgiróstofunnar.
- c. Með færslu upphæðar frá öðrum reikningi samkvæmt færsluseðli (giróseðli).
- d. Reikningshafi getur sent innborgunarseðil beint til póstgiróstofunnar til færslu á eigin reikning, enda fylgi ávisun (strikuð), er hljóði á sömu upphæð.

Reikningshafi getur ekki fyrirfram útilokað upphæðir frá að vera færðar á reikning sinn og ekki heldur neitað upphæðum, sem þegar er búið að færa á hann.

Sendandi innborgunarseðils (giróseðils) getur afturkallað hann, meðan upphæðin hefur ekki verið færð til tekna á reikning viðtakanda.

#### 6. gr.

Reikningshafi getur ráðstafað innstæðu á reikningi sínum með því að nota færsluseðil eða útborgunarseðil (giróseðil).

Útborgun af giróreikningi fer fram með útborgunarseðli (giróseðli). Póst- og símamálastjórnin ákveður hámarksupphæð útborgunarseðla og eru þeir ófram-seljanlegir.

Reikningshafi getur afturkallað útborgunarseðil meðan upphæðin hefur ekki verið færð til gjalda á reikningi hans.

## 7. gr.

Yfirfærsla á upphæð frá einum giróreikningi til annars (færsla) fer fram með færsluseðli (giróseðli), sem má hljóða á ótakmarkaða upphæð.

Færsluseðlar (giróseðlar) eru eingöngu teknir til meðferðar á póstagiróstofunni, sem færir upphæðina frá reikningi sendanda til reiknings viðtakanda, svo fljótt sem því verður við komið eftir móttöku færsluseðlanna.

Reikningshafi getur afturkallað færsluseðil (giróseðil) meðan færsla hefur ekki farið fram.

## 8. gr.

Í giróþjónustunni má aðeins nota þau eyðublöð, sem póst- og símamálastjórnin gefur út vegna hennar og eyðublöð, sem hún hefur samþykkt.

Eyðublöð verður að fylla út með bleki, ritvél eða prenti, eins og texti þeirra segir til um.

Póstgiróstofan lætur útbúa sérstakt umslag (giróumslag), sem reikningshafar geta notað, er þeir senda færsluseðla, útborgunarseðla o. þ. h. til póstagiróstofunnar.

## 9. gr.

Í giróþjónustunni gilda þau burðargjöld og hliðstæð gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá hverju sinni.

## 10. gr.

Póst- og símamálastjórnin tekur ábyrgð á upphæðum, sem greiddar eru inn með innborgunarseðlum og ábyrgist, að á póstagiróstofunni sé farið með færslu og útborgunarseðla samkvæmt því, sem ákveðið er í reglugerð. Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur um ábyrgð pósthjónustunnar, sbr. 20. gr. póstlaga nr. 31/1940 og 80. gr. reglugerðar um notkun pósts, nr. 170/1963.

Póst- og símamálastjórnin tekur ekki ábyrgð á tjóni, sem orsakast kann af missendingum eða seinkun greiðsluskjala.

## 11. gr.

Reikningshafa er óheimilt að láta reikningsnúmer sitt af hendi, nema samþykki póstagiróstofunnar komi til. Ekki er heldur heimilt að veðsetja innstæðu á giróreikningi.

## 12. gr.

Póst- og símamálastjórnin setur nánari reglur um giróþjónustuna.

## 13. gr.

Póst- og símamálastjórnin skal gefa bönkum og sparisjóðum kost á samstarfi um giróþjónustu samkvæmt sérstökum samstarfssamningi, enda brjóti ákvæði hans ekki í bága við póstlög eða reglugerðir.

## 14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt póstlögum nr. 31/1940 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 30. marz 1971.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfr Ingólfsson.*